



Nechirvan Barzani forsætisráðherra veitti grein-  
arhöfundu viðtal í hinu Hvíta húsi Kúrda í Erbil,  
glæsilegri byggingu að innan sem að utan.



Hershöfinginn Sirwan Barzani sýnir  
hluta af herfangi sínu í stríðinu við ISIS,  
skriðdreka og brynvarin farartæki.

## Nýtt ríki í austur- löndum nær?

Eftir Erlend  
Haraldsson

„Ég hef ekki  
heyrt um neinn  
sem ætla að  
merkja við nei í  
þjóðaratkvæðinu  
um fullveldi  
landsins“. Þetta  
heyrði ég ein-  
hvern segja. Um  
þetta eru allir  
flokkar sammála.

En hvað svo,  
spurði ég Nechirvan Barzani,  
forsætisráðherra Kúrdistans  
þegar ég fékk fyrir skömmu  
tækifæri til að eiga við hann  
viðtal í Hvíta húsi Íraksúrda,  
hinna glæsilegustu byggingu.  
Hann var fljótur að koma því  
að að hann hefði komið til Ís-  
lands og fallið vel við land og  
landsmenn. Nechirvan er  
íþróttmannslegur og grannur,  
hefur þétt handtak og er líkur  
á velli og forsætisráðherra  
okkar Bjarni Benediktsson.

Þá taka við samninga-  
viðræður við stjórnina í Bag-  
dad, sagði Nechirvan. Kúrdar  
vilja semja og ná sam-  
komulagi en ekki þvinga fram  
lausn og síst af öllu að til hern-  
aðarátaka komi. Það þarf að  
leysa ýmis bönd, sem geta  
orðið erfið. Þetta gætu orðið  
langar viðræður, sagði Nech-  
irvan.

Síðan ég átti viðtal við for-  
sætisráðherrann hefur verið  
ákveðið að þjóðaratkvæða-  
greiðslan fari fram 25. sept-  
ember næstkomandi. Fram-  
vinda málsins er líka nokkuð  
komin undir því hvernig þjóð-  
ir heims bregðast við nið-  
urstöðu þjóðaratkvæða-  
greiðslunnar. Vonandi  
munum við Íslendingar styðja  
þá og verða fljótir til að við-  
urkenna sjálfstætt Kúrdistan.

En staða Kúrda er sterk.

Her þeirra ræður yfir öllu  
landi Kúrda innan Íraks. Þeir  
eru taldir vera um fimm og  
hálf milljón og hafa sterka  
þjóðerniskennd. Þeir eru  
Kúrdar en ekki Arabar eins  
og aðrir íbúar Íraks. Þeir eru  
einfaldlega önnur þjóð og hafa  
að sumu leyti aðrar hefðir og  
siði. En vandi þeirra er einnig  
sá að þeir mynda fjölmenna  
minnihluta í þremur ríkjum  
sem eiga landamæri við Írak,  
nefnilega í Tyrklandi, Íran og  
Sýrlandi. Þessi lönd líta sjálf-  
stæði Kúrda í Írak hornauga.  
Og í Tyrklandi og Íran eru  
Kúrdar enn fleiri en í Írak.  
Kúrdar eru sennilega álika  
fjölmennir og allar Norð-  
urlandþjóðirnar samanlagt  
en eiga sér samt ekkert sjálf-  
stætt ríki.

**ISIS olli miklu tjóni**

En snúum okkar að öðru.  
Hið ofstækisfulla ISIS-lið  
ruddist yfir miðhluta Íraks og  
vestasta og syðsta hluta Kúr-



Erlendur Haraldsson

distans. Þeir  
ollu miklu tjóni,  
erlend fyrirtæki  
sem voru að  
koma sér fyrir  
þar hurfu á  
brott, og ferða-  
mönnum stór-  
fækkaði. Þetta  
hafði áhrif á  
efnahaginn. Það  
tók tíma að  
hrekja þá í  
burtu.

Ég hitti hers-  
höfingjann (general) Sirwan

» Nær allir munu  
samþykkja  
stofnun sjálfstæðs  
Kúrdistans.

Barzani í höfuðstöðvum hans  
ekki fjarri Mósúl. Lið hans,  
hinir svörtu tígrar, stóð í eld-  
línunni og tókst að hrekja IS-  
IS-liðið til baka. Hann sýndi  
mér með nokkru stolti her-  
fang sitt, skriðdreka, vopn og  
brynvarða bíla, sumt merkt  
með hinu svarta merki ISIS.  
Sirwan sagði mér að liðsmenn  
hans hefðu fellt hundruð IS-  
IS-manna og 154 liðsmanna  
hans féllu. Hann sá á húðlit  
hinna látnu að flestir voru  
arabar en innan um voru  
hvítari menn, sennilega frá  
Tsjetjeníu. Svo öllu loftárásir  
Bandaríkjamanna á bílasveit-  
ir þeirra miklum usla. Landið  
er flatlent og þurrt og fjöllin  
langt undan.

Sirwan sagði mér að pes-  
hmerga, en svo nefna kúrdar  
hermenn sína, væru 154.000  
auk fyrrverandi hermanna og  
varaliðs. Aðrir hafa sagt mér  
að þetta væri alls um 200 þús-  
und manna herlið. Peshmerga  
vantar þungavopn. T.d. eru  
þeir ekki eins vel vopnum  
búnir og Íraksher en bar-  
áttuvilji þeirra er rómaður.  
Kúrdistan er landlukt og ríkin  
umhverfis vilja ekki leyfa  
vopnaflutninga þangað.

Allt er þetta – stríð, vopn og  
manndráp – hryllingur í huga  
Íslendinga sem er svo lán-  
samur að búa í friðsælu landi,  
án hers, kalasnikoff-  
fjölskotaríffla og vopnaðra  
manna á öðru hverju göt-  
horni, eða svo til.

**Konur séu 30%  
þingmanna**

Kúrdíska þingið er hýst í  
reisulegri byggingu og auðvit-  
að vel varið. Það merkilegasta  
við þetta þing er hinn 30%  
kvennakvóti. Að minnsta kosti  
30% þingmanna verða að vera  
konur. Ég held að þetta sé  
einstakt á heimsvísu, og  
merkilegt í landi sem er að-  
allega byggt múslimum,  
reyndar líka kristnum og fleiri  
trúarhópum. Kúrdískir ráða-  
menn leggja mikla áherslu á  
umburðarlýndi í trúmálum og

hafa veitt fjölda kristinna  
manna skjól sem flúið hafa frá  
öðrum hlutum Íraks, og fengið  
lof páfans fyrir.

Þegar kemur að stjórn-  
málum er umburðarlýndið  
ekki eins mikið. Þingið var  
stofnuð 1992 en hefur verið  
óstarfhæft að mestu í hálf  
annað ár. Reyndar sagði mér  
varaforseti þingsins, Jaffar  
Ibrahim Eminki, að nú stæðu  
yfir samningar milli and-  
stæðra fylkinga og hann var  
bjartsýnn á að þingið kæmi  
aftur saman í næsta mánuði.

Kúrdistan er eitt kjördæmi.  
Á þinginu sitja 111 þingmenn.  
Eins og áður sagði verða 30%  
þeirra að vera konur. Sex  
þingmenn verða að vera  
kristnir, þar af einn Armeni.  
Fimm sæti ganga svo til  
Túrkmena. Þannig er jafn-  
vægi náð.

Þrjú aðalflokkar eru í land-  
inu, Kurdistan Democratic  
Party (KDP) er stærstur. Það  
er flokkur Barzani-manna  
með 38% fylgi. Forseti og for-  
sætisráðherra er úr þeirra  
röðum. Næst er Goran  
(Change) með 24% þingmenn  
og svo PUK (Patriotic Union  
Kurdistan) með 18%. Svo eru  
tveir litlir múslimskir flokkar  
og eitthvert smáræði til við-  
bótar.

Hér var fyrst þjóðstjórn  
allra flokka, en nú hafa Goran  
og litlu múslimsku flokkarnir  
gengið úr stjórninni. Á  
þinginu hnakkristust menn –  
sérstaklega KDP og Goran –  
uns stór hluti þingmanna  
hljóp á brott og gerði þing  
óstarfhæft. M.a. gagnrýnir  
Goran Masúd Barzani fyrir að  
vera enn forseti þótt ár sé síð-  
an að tímabili hans lauk. Dr.  
Machmud Osman, sem fyrst-  
ur kúrdískra sendimanna kom  
til Íslands og hefur samtals  
setið í 11 ár á þinginu í Bag-  
dad, segir mér að Masúd  
Barzani sé fús til að láta af  
embætti en þá verði þingið að  
koma saman og samþykkja  
nýja frambjóðendur svo efna  
megi til forsetakosninga.  
Þannig gengur þetta í hring.

Það tekur tíma að þróa  
hefðir um lýðræði og þing-  
störf. Sumir eiga erfitt með að  
þola að vera í minnihluta og  
leyfa meirihlutanum ráða.

Um eitt eru þó allir sam-  
mála. Nær allir munu sam-  
þykkja stofnun sjálfstæðs  
Kúrdistans. Varaforseti-  
inn, Jaffar Ibrahim Eminki,  
hafði tölurnar á hreinu um  
þjóðaratkvæðin í Suður-  
Súdan og um lýðveldisstofn-  
unina hér á landi árið 1944. Og  
þannig verður það í Kúrdist-  
an, spáði hann, 96, 97 eða jafn-  
vel 98% stuðningur.

Höfundur er sérfróður um  
málefni Kúrda. Hann var pró-  
fessor í sálarfræði við Há-  
skóla Íslands um 30 ára skeið.